

66. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 15. mars 2022, kl. 13:00 á netinu.

**Mættir:** Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Sara Sigurbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Ásgeir Logi Ásgeirsson og Rósa Jónsdóttir mættu ekki og enginn varafulltrúi boðaður í þeirra stað.

## Dagskrá

### 1. Starfsmannamál

Skólameistari upplýsti að kennari sem kennt hefur tölvuleikjafræði og var í leyfi frá öðrum skóla, muni ekki verða hér næsta vetur. Ekki er ljóst hver staðan verður með námsráðgjafa þar sem Hólmar Hákon Óðinsson, sem nú sinnir starfinu, hefur áhuga á stöðunni áfram og mun sækja um nám í náms- og starfsráðgjöf í vor.

### 2. Störf skólanefndar

Formaður skólanefndar fór yfir fyrirkomulagið sem verið hefur á skólanefndarfundum, þ.e. netfundi og fasta fundi. Gert er ráð fyrir fundi á staðnum að vori og einum að hausti. Vorfundur verður 24. maí n.k. Vera má að ný skólanefnd verði komin til starfa næsta haust. Engar athugasemdir voru gerðar við fyrirkomulag á störfum skólanefndar.

### 3. Rekstrarniðurstaða fyrra árs

Inga Eiríksdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn. Árinu 2021 hefur ekki verið lokað en Inga fór yfir stöðuna eins og hún liggur fyrir í dag og skiptingu milli rekstrarliða. Allt er þetta með fyrirvara um lokauppgjör. Ársreikningurinn verður birtur á heimasíðu skólans þegar hann liggur fyrir.

### 4. Tröllaskagasetur

Skólameistari sagði frá því að hafin er vinna við undirbúning Tröllaskagaseturs. Unnið er að því að breyta geymslu í fundarherbergi eða næðisaðstöðu en verið er að lagfæra hana og endurbæta. Enn er einn starfsmaður sem nýtir aðstöðu á vinnusvæði kennara. Bjarney Lea verkefnastjóri er komin til starfa í verkefninu.

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál.

*Næsti fundur er boðaður 24. maí.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:25.